

Spurningar	Svör	Orðabanki
Hvernig virkar <u>kvið</u> þrýstingur?	Hann <u>þrýstir</u> loftinu frá <u>lungunum</u> upp öndunarveginn og þannig getur <u>aðskotahluturinn</u> <u>losnað</u> .	þrýstir lækni kvið skoða
Er hægt að valda <u>skaða</u> á líffærum með kviðþrýstingi?	Já. Einstaklingur sem hefur verið beittur kviðþrýstingi þarf að láta <u>lækni</u> <u>skoða</u> sig.	lungunum skaða losnað

Spurningar (með eyðum)	Svör (með eyðum)	Orðabanki
	
	

Skyndihjálp

Leiðbeiningar

Gott er að byrja á að útskýra eftirfarandi fyrir nemendum: Öndunarvegur getur stíflast ef aðskotahlutur hrekkur ofan í háls. Þegar stendur í fólki er algengast að matarbiti hafi farið niður í öndunarveg í stað vélindans og hindri öndun. Lítil leikföng eða aðrir smáhlutir sem börn stinga upp í sig geta farið sömu leið. Nánari upplýsingar um skyndihjálp er að finna á vefnum raudikrossinn.is undir liðnum leiðbeiningar um skyndihjálp.

Hvað sérðu?

- Einstaklingurinn getur ekki talað, hóstað eða andað og grípur um hálsinn.

Hvað gerirðu - fullorðnir og börn eldri en eins árs ?

- Hvettu einstaklinginn til að hósta kröftuglega, ef hann getur.
- Ef aðskotahluturinn losnar ekki hallaðu viðkomandi fram, haltu með annarri hendinni við bringuna og sláðu þéttingsfast með hinni fimm sinnum á milli herðablaðanna. Ef aðskotahluturinn losnar ætti hann að koma út um munninn í stað þess að fara lengra niður í öndunarveginn.
- Beittu þrýstingi á efri hluta kviðar (Heimlich). Stattu aftan við manneskjuna og gríptu um kvið hennar rétt fyrir ofan nafla. Krepptu hnefa annarrar handar og gríptu um hann með hinni hendinni. Þrýstið allt að fimm sinnum snögg inn á við og upp.
- Ef einstaklingurinn missir meðvitund, skaltu hringja í Neyðarlínuna 112 og byrja endurlífgun.